

Víkurfréttir ehf  
Krossmóa 4  
260 Reykjavanesbær

Reykjavík, 30. apríl 2021  
UST202104-348/P.V.B.  
09.08.02

### Akstur utan vega - umsókn um leyfi - Meradalir

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Víkurfréttta, dagsett 28. apríl 2021, um leyfi til aksturs utan vega vegna kvikmyndatöku við gosstöðvarnar í Geldingadölum.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

#### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi til að aka einum bíl utan vega frá Suðurstrandarvegi og inn í Meradali. Tilgangur akstursins er að flytja búnað vegna kvikmynda- og ljósmyndatöku á svæðinu í tengslum við vinnu við heimildarmynd um gosið. Fjöldi starfsmanna er 2. Óskað er eftir að leyfið gildi fyrir 10 ferðum á tímabilinu 30. apríl til 31. maí 2021.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun telur að í ljósi þess að fyrirhugað er að aka eftir leið sem notuð hefur verið af viðbragðsaðilum á svæðinu hafi fyrirhugað verkefni ekki veruleg neikvæð áhrif á svæðinu sé farið eftir þeim skilyrðum sem sett eru fyrir leyfi þessu.

#### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Víkurfréttum fyrir sitt leyti leyfi til að aka utan vega vegna kvikmyndatöku sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 30. apríl til 31. maí 2021 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Ökutæki sem notuð eru við verkefnið skulu vera á að lágmarki 38° dekkjum.
- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Par sem þörf er á að fara út fyrir vegi skal þess gætt að valda sem minnstu raski.
- Einungis skal keyrt eftir þeirri leið sem notuð er af viðbragðsaðilum. Ekki er heimilt að keyra nær gosstöðvunum en að svæði sem hefur verið afmarkað fyrir bíla í Meradölum.
- Ekki er leyfilegt að keyra upp brekkuna upp úr Meradölum að gosstöðvunum.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.

- Í kvíkmyndaefni er óheimilt að sýna ökutæki aka utan vegar til að koma í veg fyrir að verkefnið hvetji til aksturs utan vega.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökti berist ekki í jarðveg/vatn.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með athöfn í skilningi XV. kafla laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda þarf fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að akstur viðbragðsaðila og vísindamanna gengur fyrir akstri vegna kvíkmyndatöku á svæðinu.

**Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun mun innheimta gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um akstur utan vega er kr. 39.400- sbr. 24. gr. a. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Virðingarfyllst

Hildur Vésteinsdóttir  
sviðsstjóri

Daníel Freyr Jónsson  
sérfræðingur